

Ed.

12. Frumvarp til áfengislaga.

[12. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess.

2. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

II. KAFLI

Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglium og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi, óinnsiglaðan, til neyzlu handa skipverjum, en aldrei má selja af þeim forða né flytja hann í land.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínnum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómíllur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hölmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómíllur, og 4 sjómíllur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI

Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Heimilt skal ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um sölumeðferð þess öls skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ilátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI

Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsg. r., skulu fara fram, er $\frac{1}{3}$ hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsg. r., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsöllum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megí á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hvernar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísá úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tilögum landlæknis, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megí ávísá á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.

3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vinanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vinanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

12. gr.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum, einu eða fleirum, leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
- b. Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda fyrsta flokks.
- c. Að eigi sé greitt þjórfe (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a.—c.-liða 1. málsg. r., að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn, enda mæli áfengisvarnaráð með leyfisveitingunni.

Vínveitingaleyfi skulu eigi veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vinnveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra og áfengisvarnaráð telja nauðsynlegt, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar létttra vína, svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram í þeim salarkynnum vinnveitingahúsa, þar sem vin er veitt. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vinnveitingaleyfi sitt. Fyrir vinnveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Nánari fyrirmæli um vinnveitingar, þar á meðal um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

13. gr.

Áfengisverzlun ríkisins, útsölu hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

Bannað er að senda áfengi gegn póströfu.

Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

14. gr.

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegis tíma á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vinnveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla.

Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengisverzlunin og útsölu hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis. Leita skal álits áfengisvarnaráðs, áður en reglugerðin er sett.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI

Meðferð áfengis í landinu.

16. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skýlt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

17. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengisverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 34. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 37. gr.

18. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11. og 12. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

19. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 43. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjórnar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögreglurannsókn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómari tekur málið til frekari meðferðar.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggja fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsá eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsg. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slík leyfi má einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta, ef sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af. Vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum né til vinneyzlu í samkvæmum, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahús.

VI. KAFLI

Ölvun.

21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur ósæktum, hættu eða hneyksli á almannaferi, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um

stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaut af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsg., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín.

25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI

Áfengisvarnir.

26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunaturinn starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

27. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunaturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en fjórir ráðsmenn og jafnmargir varamenn skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunatur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr áfengisvarnasjóði.

28. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnaneindir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með í áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis. Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

29. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður við störf nefndanna greiðist úr áfengisvarnasjóði að öðru leyti en því, að viðkomandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

30. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um skaðleg áhrif áfengisnautnar. Setur ráðherra nánari fyrirmæli um hana í reglugerð.

31. gr.

Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Skulu í hann renna árlega 3% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.

Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins.

Nánari fyrirmæli um áfengisvarnasjóð skulu sett í reglugerð.

32. gr.

Á næstu 5 árum skal árlega leggja til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.

Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.

Hinum helmingnum skal verja að jöfnu til þess að veita félagsheimilum og hótelum vaxtalaus lán, enda gangi þau hótél fyrir, er ekki hafa vinnveitingaleyfi. Veitir menntamálaráðherra þessi lán, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

33. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

34. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	kr. 4 000—20 000
Öðru sinni	— 8 000—40 000
Þriðja sinni	— 16 000—80 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er. Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margitrekad brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megí það verulegan hluta af farni þess, skal skipið gert upptækt handa rikissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er. Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign rikissjóðs.

35. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 34. gr. 1., 3. málsg. r.

Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsíglun eða vanrækt að skýra frá.

36. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 34. gr.

37. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsg. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

38. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 1600—20 000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margitrekad eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengis-

seðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málsgr. 40. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

39. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 40. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 41. gr.

40. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum.

Brjótí nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

41. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 40. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum.

42. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum.

43. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr.

Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegar sölu. Brjótí nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

44. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum.

45. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggir við að öðrum lögum.

46. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

47. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

48. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð. Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

49. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

50. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

51. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18. febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði á árinu 1951 til þess að endurskoða áfengislöggjöf landsins. Var frumvarpið lagt fyrir Alþingi 1952 og fylgdi því þá ýtarleg greinargerð um störf nefndarinnar og niðurstöður og vísast til hennar (þskj. 33 1952). Frumvarpinu var vísað frá með rökstuddri dagskrá eftir nokkrar umræður í efri deild. Það ákvæði frumvarpsins, sem mestri gagnrýni hefur sætt, var heimildin í 2. mgr. 7. gr. um bruggun áfengs öls að undangenginni samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi heimild hefur nú verið felld niður. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt, og er þess að vænta, að það fái nú efnislega afgreiðslu á Alþingi.